Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Borgarbraut 61, Borgarnesi, á ofangreindum tíma.

Komi ekkert fram um eignir í búinu mun skiptum lokið á þeim skiptafundi með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir skiptafundinn.

Borgarnesi, 30. júlí 2014.

Ingi Tryggvason hrl.

(2014013369A

Útgáfud.: 8. ágúst 2014

Nauðungarsölur - Siglufjörður

Eftirtaldir beiðnir um nauðungarsölur til fullnustu kröfum um peningagreiðslu verða teknar fyrir á skrifstofu embættisins að Gránugötu 4-6, Siglufirði, 17. september 2014 kl. 13.00 hafi þær ekki áður verið felldar niður:

Heiti eignar: Burstabrekka,
Ólafsfirði.

Fastanr.: 215-3596.

Gerðarþoli (-ar): Haforka ehf.

Gerðarbeiðandi (-beiðendur): Fjallabyggð.

Fjárhæðir krafna í kr.: 156.190.

2014013368)

Heiti eignar: Fossvegur 21,
Siglufirði.

Fastanr.: 213-0213.

Gerðarþoli (-ar): Eva Birgitta Karlsdóttir og Baldur Jörgen Danielsson.

Gerðarbeiðandi (-beiðendur): Fjallabyggð.

Fjárhæðir krafna í kr.: 430.011.

2014013367)

Heiti eignar: Hafnartún 36,
Siglufirði.

Fastanr.: 213-0319.

Gerðarþoli (-ar): Jóhanna Unnur Haraldsdóttir.

Gerðarbeiðandi (-beiðendur): Vátryggingafélag Íslands hf.

Fjárhæðir krafna í kr.: 160.297.

2014013366)

Heiti eignar: Hlíðarvegur 15,
Siglufirði.

Fastanr.: 213-0386.

Gerðarþoli (-ar): Ómar Geirsson.

Gerðarbeiðandi (-beiðendur): Fjallabyggð og Vátryggingafélag Íslands.

Fjárhæðir krafna í kr.: 119.166.

2014013365)

Heiti eignar: Hlíðarvegur 22,
Siglufirði.

Fastanr.: 213-0391.

Gerðarþoli (-ar): Björn Gaui Haraldsson.

Gerðarbeiðandi (-beiðendur): Íslandsbanki hf.

Fjárhæðir krafna í kr.: 6.259.062.

2014013364)

Heiti eignar: Hlíðarvegur 38,
Ólafsfirði.

Fastanr.: 215-4065.

Gerðarþoli (-ar): Ásgeir Logi Ásgeirsson og Kristín Brynhildur Davíðsdóttir.

Gerðarbeiðandi (-beiðendur): Íbúðalánasjóður.

Fjárhæðir krafna í kr.: 20.077.140.

2014013363)

Heiti eignar: Hrannarbyggð 19,
Ólafsfirði.

Fastanr.: 215-4156.

Gerðarþoli (-ar): Helga Ingimarsdóttir og Hlynur Guðmundsson.

Gerðarbeiðandi (-beiðendur): Fjallabyggð.

Fjárhæðir krafna í kr.: 83.263.

2014013362)

Sýslumaðurinn á Siglufirði,
6. ágúst 2014.

Ásdís Ármannsdóttir.

(2014013361

Útgáfud.: 8. ágúst 2014

Nauðungarsölur - Hvolsvöllur

Eftirtaldir beiðnir um nauðungarsölur til fullnustu kröfum um peningagreiðslu verða teknar fyrir á skrifstofu embættisins að Austurvegi 6, Hvolsvelli, 10. september 2014 kl. 10.00 hafi þær ekki áður verið felldar niður:

Heiti eignar: Hvolsvegur 20-22,

Rangárþing eystra.

Fastanr.: 219-4859.

Gerðarþoli (-ar): Joao Maria Loureiro Moita og Idalina Da C Da Silva A Moita.

Gerðarbeiðandi (-beiðendur): Rangárþing eystra.

Fjárhæðir krafna í kr.: 71.117.

2014013376)

Heiti eignar: Syðsta-Mörk 163803,

Rangárþing eystra.

Fastanr.: 219-2104.

Gerðarþoli (-ar): Björgvin Guðjónsson.

Gerðarbeiðandi (-beiðendur): Landsbankinn hf.

Fjárhæðir krafna í kr.: 1.657.553.

2014013375)

Heiti eignar: Völlur lóð 176232,
Rangárþing eystra.
Fastanr.: 219-4693.
Gerðarþoli (-ar): Svanfríður Hagvaag.
Gerðarbeiðandi (-beiðendur): Íslandsbanki hf.
Fjárhæðir krafna í kr.: 3.278.571.

2014013374)

Sýslumaðurinn á Hvolsvelli,
2. júlí 2014.
Kjartan Þorkelsson.

(2014013373

Útgáfud.: 8. ágúst 2014

Nauðungarsölur - Bolungarvík

Eftirtaldar beiðnir um nauðungarsölur til fullnustu kröfum um peningagreiðslu verða teknar fyrir á skrifstofu embættisins að Aðalstræti 12, Bolungarvík, 10. september 2014 kl. 15.00 hafi þær ekki áður verið felldar niður:

Heiti eignar: Aðalstræti 11,
Bolungarvík.

Fastanr.: 212-1112.*Gerðarþoli (-ar):* HAV2 ehf.*Gerðarbeiðandi (-beiðendur):* Vátryggingafélag Íslands hf.*Fjárhæðir krafna í kr.:* 121.033.

2014013397)

Heiti eignar: Aðalstræti 13-15,
Bolungarvík.

Fastanr.: 212-1125.*Gerðarþoli (-ar):* Innribúð ehf.

Gerðarbeiðandi (-beiðendur): Sýslumaðurinn í
Bolungarvík.

Fjárhæðir krafna í kr.: 219.202.

2014013392)

Heiti eignar: Aðalstræti 13-15,
Bolungarvík.

Fastanr.: 212-1125.*Gerðarþoli (-ar):* Innribúð ehf.

Gerðarbeiðandi (-beiðendur): Sýslumaðurinn í
Bolungarvík.

Fjárhæðir krafna í kr.: 154.286.

2014013393)

Heiti eignar: Aðalstræti 13-15,
Bolungarvík.

Fastanr.: 212-1122.*Gerðarþoli (-ar):* Innribúð ehf.

Gerðarbeiðandi (-beiðendur): Sýslumaðurinn í
Bolungarvík.

Fjárhæðir krafna í kr.: 150.252.

2014013394)

Heiti eignar: Aðalstræti 13-15,
Bolungarvík.

Fastanr.: 212-1124.*Gerðarþoli (-ar):* Innribúð ehf.

Gerðarbeiðandi (-beiðendur): Sýslumaðurinn í
Bolungarvík.

Fjárhæðir krafna í kr.: 144.899.

2014013395)

Heiti eignar: Aðalstræti 13-15,
Bolungarvík.

Fastanr.: 228-4668.*Gerðarþoli (-ar):* Innribúð ehf.

Gerðarbeiðandi (-beiðendur): Sýslumaðurinn í
Bolungarvík.

Fjárhæðir krafna í kr.: 90.285.

2014013396)

Heiti eignar: Aðalstræti 9,
Bolungarvík.

Fastanr.: 212-1113.*Gerðarþoli (-ar):* Arnarhlið ehf.

Gerðarbeiðandi (-beiðendur): Sýslumaðurinn í Bolungarvík
og Vátryggingafélag Íslands hf.

Fjárhæðir krafna í kr.: 1.666.672.

2014013391)

Heiti eignar: Hafnargata 28-42,
Bolungarvík.

Fastanr.: 212-1217.*Gerðarþoli (-ar):* HV1 ehf.

Gerðarbeiðandi (-beiðendur): Sýslumaðurinn í
Bolungarvík.

Fjárhæðir krafna í kr.: 39.478.

2014013390)

Heiti eignar: Hafnargata 9b,
Bolungarvík.

Fastanr.: 212-1208.*Gerðarþoli (-ar):* HV1 ehf.

Gerðarbeiðandi (-beiðendur): Sýslumaðurinn í
Bolungarvík.

Fjárhæðir krafna í kr.: 248.625.

2014013388)

Heiti eignar: Hafnargata 9b,
Bolungarvík.

Fastanr.: 212-1207.

Gerðarþoli (-ar): HV1 ehf.

Gerðarbeiðandi (-beiðendur): Sýslumaðurinn í
Bolungarvík.

Fjárhæðir krafna í kr.: 213.458.

2014013389)

Heiti eignar: Hanhóll,
Bolungarvík.

Fastanr.: 212-1042 .

Gerðarþoli (-ar): Jóhann Hannibalsson.

Gerðarbeiðandi (-beiðendur): Sýslumaðurinn í
Bolungarvík.

Fjárhæðir krafna í kr.: 114.641.

2014013387)

Heiti eignar: Vitastígur 13,
Bolungarvík.

Fastanr.: 212-1693.

Gerðarþoli (-ar): Daniel Kluk.

Gerðarbeiðandi (-beiðendur): Íslandsbanki hf.

Fjárhæðir krafna í kr.: 5.508.233.

2014013386)

Heiti eignar: Þuridarbraut 15,
Bolungarvík.

Fastanr.: 212-1784.

Gerðarþoli (-ar): Ufsir ehf.

Gerðarbeiðandi (-beiðendur): sSýslumaðurinn í
Bolungarvík.

Fjárhæðir krafna í kr.: 1.956.521.

2014013385)

Sýslumaðurinn í
Bolungarvík,

29. júlí 2014.

Jónas Guðmundsson
sýslumaður.

(2014013384

Útgáfud.: 6. ágúst 2014

Skiptafundur

Skiptafundur í eftirtöldu þrotabúi verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Austurstræti 17, Reykjavík á neðangreindum tíma. Á fundinum verður fjallað um frumvarp til úthlutunar úr þrotabúinu, sem liggur þegar frammi á væntanlegum fundarstað til sýnis fyrir lánardrottna og aðra sem eiga lögvarinna hagsmuna að gæta. Verði andmælum ekki hreyft gegn frumvarpinu, í síðasta lagi á boðuðum skiptafundi, mega þeir sem eiga hlut að máli vænta þess að skiptum verði

lokið þar á grundvelli frumvarpsins, sem verður þar með úthlutunargerð úr þrotabúinu.

Nafn bús:

Helgavatn ehf.,
kt. 450771-1399,

Stórhöfða 18, Reykjavík

Skiptafundur:

20. ágúst 2014,
kl. 14.00

Reykjavík, 30. júlí 2014.

F.h. Erlends Þórs

Gunnarssonar hrl.,

Flosi Hrafn Sigurðsson hdl.

(2014013335

Útgáfud.: 6. ágúst 2014

Skiptafundur

Skiptafundur í eftirtöldu þrotabúi verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Austurstræti 17, Reykjavík á neðangreindum tíma.

Skiptum var áður lokið í þrotabúinu þann 12. júní 2012, með eignaleysi skv. 155. gr. laga nr. 21/1991. Nýverið komu í ljós frekari eignir félagsins, af þeim sökum hefur skiptastjóri endurupptekið skiptin með vísan til 164. gr. laga nr. 21/1991. Á skiptafundinum verður tekin afstaða til þess hvernig ráðstafa eigi eignunum og tekin ákvörðun um með hvaða hætti skuli ljúka skiptum á þrotabúinu..

Þrotabú, nafn:

Viðhald fasteigna ehf.,
kt. 540499-2849,

síðasta heimilisfang:

Lagarási 4, Egilsstöðum

Skiptafundur:

20. ágúst 2014,
kl. 14.30

Reykjavík, 30. júlí 2014.

F.h. Erlends Þórs

Gunnarssonar hrl.,

Flosi Hrafn Sigurðsson hdl.

(2014013345

Útgáfud.: 8. ágúst 2014

Skiptafundur

Skiptafundur í eftirtöldu þrotabúi verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Austurvegi 3, 2. hæð, Selfossi á neðangreindum tíma. Komi ekki fram ábendingar um eignir í búinu í síðasta lagi á fundinum, má vænta þess að skiptum verði lokið þar á grundvelli 155. gr. laga nr. 21/1991.

Nafn bús:

Leiðaflúð ehf.,
kt. 601296-3149,

Vesturbrún 15, Flúðum

Skiptafundur:

21. ágúst 2014,
kl. 11.00

Selfossi, 30. júlí 2014.

Grimur Hergeirsson hdl.

(2014013402

Útgáfud.: 6. ágúst 2014

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 11. febrúar 2013 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Skiptum á búinu var lokið 24. júlí 2014.

Skiptum lauk með því að úthlutunargerð var samþykkt skv. 2. mgr. 160. gr. laga nr. 21/1991. Upp í almennar kröfur, sem voru kr. 53.792.593, voru greiddar kr. 3.336.652 eða 6.2 hundraðshlutar.

Nafn bús:

Norti ehf.,
kt. 630603-3310,
Suðurlandsbraut
Reykjavík

Lýstar kröfur:

Kr. 53.792.593

18,

Reykjavík, 31. júlí 2014.

Eyvindur Sólnes hrl.

(2014013332

Útgáfud.: 6. ágúst 2014

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Suðurlands uppkveðnum 31. júlí 2013 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Skiptum á búinu var lokið 25. júlí 2014.

Samtals var lýst kröfum að fjárhæð kr. 8.696.645, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta. Þar af voru lýstar forgangskröfur skv. 112. gr. að fjárhæð kr. 3.363.063. Skiptum lauk með úthlutunargerð úr þrotabúinu, upp í forgangskröfur greiddust kr. 1.137.777. Ekkert fékkst greitt upp í aðrar kröfur.

Nafn bús:

Hoflandsetrið hjáleiga ehf.,
kt. 470911-1580,
Heiðmörk 58, Hveragerði

Lýstar kröfur:

kr. 8.696.645

Selfossi, 29. júlí 2014.

Sigurður Sigurjónsson hrl.

(2014013338

Útgáfud.: 6. ágúst 2014

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum 6. október 2011 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Skiptum á búinu var lokið 10. janúar 2014.

Skiptum lauk þann 10. janúar 2014 með úthlutunargerð úr búinu en skv. henni greiddust upp í veðkröfur kr. 48.490.000 en ekkert upp í forgangskröfur eða almennar kröfur.

Nafn bús:

SKJ28 ehf.,
kt. 420402-4140,
Kópубraut 9, Reykjanesbæ

Lýstar kröfur:

kr. 247.534.289

Reykjavík, 30. júlí 2014.

Jóhannes Ásgeirsson hrl.

(2014013343

Útgáfud.: 6. ágúst 2014

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 30. apríl 2014 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 24. júlí 2014 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:

HST ehf.,
kt. 701208-0210,
Ármúla 7, Reykjavík

Lýstar kröfur:

kr. 7.897.583

Reykjavík, 24. júlí 2014.

Jónas A. Þ. Jónsson hdl.

(2014013344

Útgáfud.: 7. ágúst 2014

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 30. apríl 2014 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 5. ágúst 2014 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:

Köfunarskólinn ehf.,
kt. 531201-2990,
Eskihlíð 14a, Reykjavík

Lýstar kröfur:

kröfur skv. 113. gr., kr.
2.947.076, skv. 114. gr., kr.
12.500

Reykjavík, 5. ágúst 2014.

F.h. Oddgeirs Einarssonar
hrl.,

Flosi Hrafn Sigurðsson hdl.

(2014013354

Útgáfud.: 7. ágúst 2014

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 30. apríl 2014 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 5. ágúst 2014 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:

Nama Security ehf.,
kt. 641003-3280,
Gullengi 29, Reykjavík

Lýstar kröfur:

Ein krafa skv. 113. gr., kr.
2.764.568

Reykjavík, 5. ágúst 2014.

F.h. Oddgeirs Einarssonar
hrl.,

Flosi Hrafn Sigurðsson hdl.

(2014013355

Útgáfud.: 7. ágúst 2014

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Vestfjarða uppkveðnum 22. apríl 2014 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 5. ágúst 2014 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:

Arnfirðingur ehf.,
kt. 510406-0870,
Strandgötu 1, Bíldudal

Lýstar kröfur:

skv. 112. gr., kr. 4.690.936,
skv. 113. gr., kr. 18.406.344,
skv. 114. gr., kr. 116.124

Reykjavík, 5. ágúst 2014.

F.h. Oddgeirs Einarssonar
hrl.,

Flosi Hrafn Sigurðsson hdl.

(2014013356

Útgáfud.: 7. ágúst 2014

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 30. apríl 2014 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 5. ágúst 2014 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:

Grenimelur 46 ehf.,
kt. 420805-0980,
Fáfnisvegi 5, Reykjavík

Lýstar kröfur:

Ein krafa skv. 113. gr., kr.
2.277.357

Reykjavík, 5. ágúst 2014.

F.h. Oddgeirs Einarssonar
hrl.,

Flosi Hrafn Sigurðsson hdl.

(2014013357

Útgáfud.: 7. ágúst 2014

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 19. mars 2014 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 29. júlí 2014 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:

J.S. Dreki ehf.,
kt. 660499-3269,
Egilsögðu 14, Reykjavík

Lýstar kröfur:

kr. 8.193.045

Reykjavík, 29. júlí 2014.

Sif Magnúsdóttir hdl.

(2014013358

Útgáfud.: 8. ágúst 2014

Hlutfélagaskrá – nýskráning

Félagið heitir: **Brassie ehf.**

Kt.: 700714-0630.

Heimili og varnarþing: **Sporðagrunni 19, Reykjavík.**

Dagsetning samþykktar er: 23. júlí 2014.

Stofnendur: Guðmundur Arason, kt. 031266-5489,
Sporðagrunni 19, Reykjavík.

Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.: 23. júlí 2014.

Stjórnarmaður: Guðmundur Arason. Varastjórn: Svanhildur Gestsdóttir, kt. 030964-5009, Sporðagrunni 19, Reykjavík.

Firmað ritar: Stjórnarmaður.

Prókúruumboð: Guðmundur Arason.

Skoðunarmaður/endurskoðandi: Endurskoðun og ráðgjöf ehf., kt. 671086-1209, Garðatorgi 7, Garðabæ.

Hlutfé kr.: 500.000 ISK

Tilgangur: Tilgangur félagsins er kaup, sala og eignarhald verðbréfa, eign, leiga og rekstur fasteigna, lánastarfsemi, önnur fjármálastarfsemi og skyldur rekstur.

Hömlur á meðferð hlutabréfa: Já.

Lausnarskylda á hlutabréfum: Nei.

Ríkisskattstjóri, hlutafélagaskrá.

(2014013399

Útgáfud.: 8. ágúst 2014

Hlutafélagaskrá – nýskráning

Félagið heitir: **N10b ehf.**

Kt.: 680714-1690.

Heimili og varnarþing: **Óseyri 2, Akureyri.**

Dagsetning samþykkta er: 20. júní 2014.

Stofnendur: Finnur Aðalbjörnsson, kt. 211266-5469, Fornagili 15, Akureyri, Kristinn H Svanbergsson, kt. 070870-3399, Kambagerði 6, Akureyri.

Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.: 20. júní 2014.

Stjórnarmaður: Finnur Aðalbjörnsson. Varastjórn: Kristinn H Svanbergsson.

Firmað ritar: Stjórnarmaður.

Prókúruumboð: Kristinn H Svanbergsson, Finnur Aðalbjörnsson.

Skoðunarmaður/endurskoðandi: Enor ehf., kt. 530612-2010, Hafnarstræti 53, Akureyri, Davíð Búi Halldórsson, kt. 190777-5299, Vörðutúni 1, Akureyri.

Hlutfé kr.: 500.000 ISK

Tilgangur: Tilgangur félagsins er kaup og sala fasteigna, rekstur fasteigna og lánastarfsemi og annar skyldur atvinnurekstur.

Hömlur á meðferð hlutabréfa: Já.

Lausnarskylda á hlutabréfum: Nei.

Ríkisskattstjóri, hlutafélagaskrá.

(2014013400

Útgáfud.: 8. ágúst 2014

Hlutafélagaskrá – nýskráning

Félagið heitir: **NovaMedica ehf.**

Kt.: 700714-0980.

Heimili og varnarþing: **Skriðuseli 6, Reykjavík.**

Dagsetning samþykkta er: 1. júlí 2014.

Stofnendur: Ingólfur Birgir Bragason, kt. 070967-4999, Nesgötu 16, Neskaupstað.

Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.: 1. júlí 2014.

Stjórnarmaður: Ingólfur Birgir Bragason. Varastjórn: Amalía Rut Nielsen, kt. 030292-2869, Vesturbrún 28, Reykjavík.

Firmað ritar: Stjórnarmaður.

Framkvæmdastjórn: Ingólfur Birgir Bragason.

Prókúruumboð: Ingólfur Birgir Bragason, Axel Örn Bragason, kt. 200572-4409, Skriðuseli 6, Reykjavík.

Skoðunarmaður/endurskoðandi: Sigurður Sigurbjörnsson, kt. 141076-3539, Laugateigi 20, Reykjavík, Elín Björk Guðbrandsdóttir, kt. 110872-5189, Marargrund 17, Garðabæ.

Hlutfé kr.: 500.000 ISK

Tilgangur: Tilgangur félagsins er sjúkrahjálfun og annar tengdur rekstur, fasteignarekstur og annar skyldur rekstur ásamt tilheyrandi eignum og lánastarfsemi.

Hömlur á meðferð hlutabréfa: Já.

Lausnarskylda á hlutabréfum: Nei.

Ríkisskattstjóri, hlutafélagaskrá.

(2014013401

Útgáfud.: 8. ágúst 2014

Hlutafélagaskrá – nýskráning

Félagið heitir: **Fresa ehf.**

Kt.: 690714-0350.

Heimili og varnarþing: **Garðhúsum 49, Reykjavík.**

Dagsetning samþykkta er: 24. júlí 2014.

Stofnendur: Ívar Ragnarsson, kt. 011175-3769, Garðhúsum 49, Reykjavík.

Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.: 24. júlí 2014.

Stjórnarmaður: Ívar Ragnarsson. Varastjórn: Sigurður Helgi Sighvatsson, kt. 230171-4839, Köldulind 8, Kópavogi.

Firmað ritar: Stjórnarmaður.

Framkvæmdastjórn: Ívar Ragnarsson.

Prókúruumboð: Ívar Ragnarsson.

Skoðunarmaður/endurskoðandi: Eyjólfur Kolbeinn Eyjólfsson, kt. 280760-4989, Frostafold 20, Reykjavík.

Hlutfé kr.: 500.000 ISK

Tilgangur: Tilgangur félagsins er að annast viðskiptaráðgjöf og aðra rekstraráðgjöf.

Hömlur á meðferð hlutabréfa: Já.

Lausnarskylda á hlutabréfum: Nei.

Ríkisskattstjóri, hlutafélagaskrá.

(2014013403

Útgáfud.: 8. ágúst 2014

Hlutafélagaskrá – nýskráning

Félagið heitir: **Hrútar ehf.**

Kt.: 680714-0450.

Heimili og varnarþing: **Þingholtsstræti 23, Reykjavík.**

Dagsetning samþykkta er: 1. júní 2014.

Stofnendur: Grímur Hákonarson, kt. 080377-4019, Kársnesbraut 99, Kópavogi, Grímar Jónsson, kt. 190276-4149, Þingholtsstræti 23, Reykjavík.

Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.: 1. júní 2014.

Formaður stjórnar: Grímar Jónsson. Meðstjórnandi: Grímur Hákonarson.

Firmað ritar: Meirihluti stjórnar.

Prókúruumboð: Grímur Hákonarson, Grímar Jónsson.

Skoðunarmaður/endurskoðandi: KPMG ehf., kt. 590975-0449, Borgartúni 27, Reykjavík.

Hlutfé kr.: 500.000 ISK

Tilgangur: Tilgangur félagsins er framleiðsla og dreifing kvikmyndarinnar "Hrútar" eftir Grím Hákonarson.

Hömlur á meðferð hlutabréfa: Já.

Lausnarskylda á hlutabréfum: Nei.

Ríkisskattstjóri, hlutafélagaskrá.

(2014013404)

Útgáfud.: 5. ágúst 2014

Stefna - f.h. þrotabús Valiant fjárfestinga ehf.

**Protabú Valiant fjárfestinga ehf.,
kt. 480399-2429,**

Ármúla 18, Reykjavík,

gjörir kunnugt: Að höfða þurfi mál fyrir héraðsdómi Reykjaness, á hendur Kennel ehf., kt. 451211-1370, Digraanesvegi 10, Kópavogi til riftunar á sölu á hlutum í Orf líftækni hf.

Fyrirsvarsmáður stefnanda: Magnús Pálmi Skúlason, kt. 170775-4819, Draumahæð 6, Garðabæ, sem er skiptastjóri þrotabús stefnanda.

Fyrirsvarsmáður stefnda Kennel ehf.: Páll Þór Magnússon, kt. 170468-3929, Bandaríkjunum, stjórnarmaður og framkvæmdastjóri í stefnda Kennel ehf.

Dómkröfur: Stefnandi gerir þær kröfur að stefnda Kennel ehf. verði gert að þola riftun á sölu stefnanda þann 31. desember 2011 til stefnda Kennel á 20.000.000 hlutum í Orf líftækni hf., kt. 420201-3540, og einnig að rift verði sölu stefnda Kennel ehf. á sömu hlutum til stefnda Torka ehf. Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda samkvæmt mati réttarins eða samkvæmt málskostnaðarreikningi sem lagður verður fram í síðasta lagi við aðalmeðferð málsins.

Málflutningsumboð: Magnús Pálmi Skúlason hdl., Lögskiptum ehf., Ármúla 18, Reykjavík, rekur mál þetta fyrir hönd stefnanda.

Málavextir: Málavextir eru þeir að þann 20. febrúar 2014 var bú ofangreinds félags tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði héraðsdóms Reykjaness nr. 862/2013 og var Magnús Pálmi Skúlason hdl. skipaður skiptastjóri, sbr. dskj. nr. 28. Frestdagur við skiptin var 13. desember 2013. Innköllun var gefin út þann 27. febrúar 2014, sbr. dskj. nr. 3. Fresti til að lýsa kröfum í þrotabúið lauk þann 27. apríl 2014. Lýstar kröfur í þrotabúið námu samtals kr. 269.739.829, sbr. dskj. nr. 4.

Skiptastjóri hóf strax eftir skipun sína að kanna eignir búsins. Í því samhengi óskaði skiptastjóri eftir því við fyrrum fyrirsvarsmenn félagsins að bókhald félagsins yrði afhent. Lögmaður þeirra hafnaði því á þeirri forsendu að hann hygðist kæra gjaldþrotáúrskurðinn til Hæstaréttar, sbr. dskj. nr. 5.

Fresti til að kæra gjaldþrotáúrskurð til Hæstaréttar lauk þann 6. febrúar 2014 án þess að úrskurðurinn væri kærður. Ítrekaði skiptastjóri ósk sína um að bókhald félagsins yrði afhent með tölvupósti dagsettum 10. mars 2014, sbr. dskj. nr. 6.

Þann 11. mars 2014 óskaði skiptastjóri eftir því við héraðsdóm Reykjaness að Birgi Ómari Haraldssyni, fyrrum framkvæmdastjóra félagsins, yrði gert að afhenda bókhald stefnanda, sbr. dskj. nr. 7. Í framhaldi af því var skiptastjóra afhent bókhald félagsins, án frekari atbeina héraðsdóms.

Í ársreikningi félagsins 2012 kom fram að einu eignir félagsins hefðu verið í árslok 2012 5,99% hluta í Orf líftækni hf., nafnverð hluta 10.946.033 og 33,33 % hlutur í félaginu Engifer ehf., en nafnverð þeirra hluta var kr. 500.000. Samkvæmt ársreikningnum var hlutafjáreignin metin á kr. 119.580.950. Enn fremur bar ársreikningurinn með sér að félagið ætti skuldabréfaeign að uppreiknaðri fjárhæð kr. 315.000.000, sbr. dskj. nr. 9.

Skiptastjóri kallaði eftir ársreikningi félagsins fyrir árið 2011. Samkvæmt honum var hlutafjáreign félagsins metin á kr. 319.580.950, en hún samanstóð af 11,80 % í Orf líftækni ehf., en nafnverð þeirra hluta var kr. 30.946.144 og fyrrgreindur 33,33 % hlutur í félaginu Engifer ehf., sbr. dskj. nr. 8.

Eftir þetta óskaði skiptastjóri eftir upplýsingum frá Orf Líftækni hf. um hlutafjáreign stefnanda í Orf líftækni hf. aftur til ársins 2011. Skv. hlutaskrá Orf líftækni ehf. í árslok 2010 var hlutafjáreign stefnanda í Orf Líftækni 44.171.033 hlutir eða sem nemur 27,275% af heildarhlutafé félagsins, sbr. dskj. nr. 11. Frá þeim tíma, hefur félagið selt hluti sína í Orf líftækni á eftirfarandi dagsetningum, sbr. dskj. nr. 10:

1) Þann 10. mars 2011 selur Valiant Fjárfestingar ehf. 9.308.333 hluti til Pluma ehf., kt. 520400-2570, sbr. framsalstilkynningu dags. sama dag sem er send til ORF Líftækni hf. með tölvupósti dags. 11 mars 2011 með leiðréttingu skv. tölvupósti 14. mars 2011.

2) Þann 19. ágúst 2011 selur Valiant Fjárfestingar ehf. 5.166.667 hluti til Pluma ehf., kt. 520400-2570, sbr. framsalstilkynningu dags. sama dag sem tilkynnt er til ORF Líftækni hf. með tölvupósti sama dag en berst til ORF 3. október 2011.

3) Þann 30. desember 2011 selur Valiant Fjárfestingar ehf. 20.000.000 hluti til Kennel ehf. kt. 451211-1370, sbr. framsalstilkynningu í tölvupósti frá fulltrúa Valiant Fjárfestingum sama dag.

Enn fremur upplýsti félagið að Valiant Fjárfestingar ehf. hafi selt 10.946.033 hluti til Arctic Innovations Llc., 450 S. Orange Ave., Suite 650, Orlando, FL 32801, USA, þann 30. desember 2013, sbr. tilkynningu sem barst með tölvupósti frá fyrirsvarsmanni Valiant Fjárfestinga 10. janúar 2014. Það skýtur hins vegar skökku við því að skv. tilkynningu í tölvupósti þann 24. febrúar 2014, sem fyrrum fyrirsvarsmenn Valiant sendu til Virðingar, sem annaðist vörslu bréfanna, óskuðu þeir eftir því að fyrrgreindir hlutir yrðu færðir frá Valiant til félagsins BKA ehf. sem átti að hafa keypt bréfin þann 4. janúar 2014, sbr. dskj. nr. 16 og 17.

Þann 5. mars 2014, krafðist skiptastjóri þess, með tölvupósti að Virðing hf. færði bréfin til baka frá BKA inn á vörslureikning þrotabúsins. Benti hann á að alveg lægi fyrir að skiptastjóri hefði einn heimild til að ráðstafa hagsmunum þrotabús, sbr. 122. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. og hafi umrædd ráðstöfun hvorki verið framkvæmd með samþykki eða fyrir atbeina skiptastjóra. Þá lægi fyrir skv. 74. gr. gbl., að við uppkvaðningu úrskurðar, missi þrotamaður rétt til að ráða yfir réttindum sem falla til þrotabúsins eftir 72. og 73. gr., svo þýðingu hafi gagnvart því, sbr. dskj. nr. 26.

Jafnframt lýsti þrotabúið yfir riftun gagnvart BKA ehf. á

umræddri sölu. Umræddir 10.946.033 hlutir í Orf líftækni hf. voru færðir til þrotabúsins þann 6. mars 2014, sbr. dskj. nr. 27.

Svo sem fyrr greinir virðist félagið hafa selt 20 milljón hluti í Orf líftækni þann 31. desember 2011 til stefnda Kennel ehf. Tilkynning þess efnis var send til Orf með tölvupósti frá Birgi Ómari Haraldssyni þann 30. desember 2011, sbr. dskj. nr. 18.

Bókhaldsgögn félagsins bera ekki með sér að umrædd sala hafi átt sér stað þann 31. desember 2011 heldur þann 31. desember 2012, en þann dag virðist sala á sömu hlutum hafa verið skráð í rafrænt bókhald félagsins, sbr. dskj. nr. 21. Þar virðist sem skuld vegna hinna seldu hluta hafi verið greidd með afhendingu skuldabréfs að höfuðstólsfjárhæð kr. 300.000.000. Skiptastjóri hefur ekki fengið frumrit skuldabréfsins afhent en afrit þess er í gögnum sem skiptastjóri hefur aflað sér, sbr. dskj. nr. 24. Efni skuldabréfsins var á þá leið að það var sem fyrr segir að höfuðstólsfjárhæð kr. 300.000.000, sem skyldi greiddast til baka með einni greiðslu afborgunar og vaxta þann 31. desember 2016. Vextir skuldabréfsins voru óverðtryggðir 5%, en engar tryggingar voru settar fyrir efdum skuldabréfsins. Þá kom fram í skuldabréfinu að það væri óframseljanlegt og skuldari þess sé stefndi Kennel ehf.

Skiptastjóri óskaði eftir því við Andrés Einar Hilmarsson, löggitan endurskoðanda, hjá Löggiltum endurskoðendum, að hann kannaði bókhald félagsins og þá sér í lagi „sölu“ félagsins á 20.000.000 hlutum í Orf líftækni hf. Í beiðni skiptastjóra er meðal annars lögð sú spurning fyrir endurskoðandann hvort eignir félagsins hafi verið seldar án þess að greiðsla hafi borist fyrir. Sem svar við þeirri spurningu var bent á sölu á fyrrgreindum 20.000.000 hlutum til Kennel ehf. Bent var á að kjör skuldabréfsins væru „óvenjugóð“ enda um 100% skuldsetningu að ræða vegna kaupa á hlutabréfum. Þá væru kjörvextir óverðtryggðra skuldabréfa Landsbankans á árinu 2011, 6,15% - 11,45% og 2012 7,10% - 12,40% sbr. dskj. nr. 21.

Á árinu 2014 virðist stefndi Kennel ehf. hafa selt fyrrgreinda hluti sína í Orf líftækni hf. til Torka ehf. Þann 24. febrúar 2014 biður áðurnefndur Páll, Virðingu hf., með tölvupósti að færa hlutina af vörslureikningi stefnda Kennel ehf. inn á vörslureikning stefnda Torka ehf., sbr. dskj. nr. 17. Í þeim tölvupósti er því reyndar haldið fram að salan hafi átt sér stað um áramótin 2013/2014, en ekki liggur fyrir nákvæmlega hvenær salan átti sér stað. Svo virðist sem þegar á árinu 2011 hafi fyrirsvarsmaður Torka ehf. komið að „sölunni“ á hlutunum frá stefnanda til stefnda Kennel, enda vottar hann skuldabréf það sem sagt er vera greiðsla fyrir hlutina, sbr. dskj. nr. 22.

Með tveimur samhljóða bréfum dagsettum 12. maí 2014 rifti skiptastjóri fyrrgreindri sölu á 20.000.000 hlutum frá stefnanda til stefnda Kennel og sölu stefnda Kennel til Torka ehf. Þá var þess krafist að hlutunum yrði afsalað til þrotabúsins og Torka ehf. var veittur frestur til 23. maí 2014 til að skila áðurgreindum hlutum, sbr. dskj. nr. 23 og 24.

Torka ehf. hefur ekki afhent stefnanda áðurgreinda hluti í Orf líftækni og hefur hvorki stefndi né Torka ehf. svarað bréfum stefnanda frá 12. maí 2014. Mál á hendur Torka ehf. vegna riftunar á ofangreindum gerningum var þingfest þann 25. júní 2014. Reynt var að birta stefnu fyrir stefnda Kennel ehf., en birting stefnunnar tókst ekki þar sem fyrirsvarsmaður stefnda Kennel er með óþekkt heimilisfang í Bandaríkjunum og engin starfsemi í starfstöð félagsins. Af

þeim sökum er málshöfðun þessi nauðsynleg.

Málsástæður og lagarök: Stefnandi reisir málalítilbúnað sinn á því að áðurlýstar ráðstafanir séu riftanlegar samkvæmt 131. gr., 141. gr. og 146. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. (GPL). Stefnandi byggir í fyrsta lagi kröfur sínar á því að salan á 20.000.000 hlutum í Orf líftækni þann 31. desember 2011 til stefnda Kennel ehf. hafi verið gjafagerningur þar sem, í raun ekkert endurgjald hafi komið fyrir hina „seldu“ hluti. Ekkert liggur fyrir að í raun hafi verið greitt fyrir hlutina. Frumrit áðurgreinds skuldabréfs hefur ekki verið afhent skiptastjóra og var frumrit þess ekki í bókhaldi félagsins. Það er því eins víst að það hafi aldrei verið afhent félaginu sem greiðsla, en stefndi hefur sönnunarbyrðina fyrir því að bréfið hafi verið afhent.

Verði talið að framangreint skuldabréf hafi verið afhent sem greiðsla fyrir hluti hins gjaldþrota félags í Orf líftækni byggir stefnandi á því að engu að síður sé um gjafagerning að ræða sem sé riftanlegur með vísan til 2. mgr. 131 gr. GPL, enda séu kjör bréfsins slík að stefnda Kennel hefði aldrei staðið slík kjör til boða á almennum lánamarkaði.

Stefnandi byggir á því að engar viðskiptalegar forsendur hafi legið til grundvallar framangreindri sölu og hún hafi fyrst og fremst verið gerð til þess að koma fyrrgreindum hlutum í Orf líftækni undan skiptum. En á þeim tíma sem salan átti sér stað var fyrirséð í hvað stefndi. Bent er á að svo virðist sem félagið hafi selt stefnda Kennel, sem var eignalaust félag, hlutina í Orf líftækni, án þess að það félag legði fram nokkra fjármuni, þar sem eina greiðslan var skuldabréf án allra trygginga og með vöxtum sem áttu ekkert skylt við markaðsvexti. Auk þess var bréfið óframseljanlegt og því ljóst að félagið hefði ekki getað selt skuldabréfið. Í því samhengi er bent á að frestdagur í búinu var 13. desember 2013 sem sé móttökudagur gjaldþrotaskiptabeiðnar í héraðsdómi Reykjaness og því séu aðeins liðnir tæpir 24 mánuðir frá því bréfin voru færð til stefnda Kennel ehf.

Umrætt skuldabréf var með einni greiðslu höfuðstóls og vaxta 31. desember 2016. Skuldabréfið var með 5% óverðtryggðum vöxtum og ekkert eiginfé var lagt fram af hálfu stefnda Kennel vegna kaupanna. Stefnandi telur að skuldabréfið hafi verið með svo góðum greiðslukjörum að slík kjör hefðu aldrei staðið stefnda Kennel til boða á hefðbundnum lánamarkaði. Þá verður ekki séð hvernig stefndi Kennel hefði ætlað að efna fyrrgreint skuldabréf, en skv. ársreikningi félagsins fyrir árið 2012 var eina eign þess fyrrgreindir hlutir í Orf líftækni. Þá voru skuldir félagsins 315.000.000, sem samanstóðu af áðurgreindu skuldabréfi, sbr. dskj. nr. 29.

Stefnandi byggir á því að fyrrgreind sala hafi því í raun verið gjöf til nákominna skv. 3. gr. laga nr. 21/1991, enda bæði stefnandi og stefndi Kennel undir stjórn og í eigu sömu aðila, þegar salan átti sér stað, sbr. dskj. nr. 8 og 29. Sala hlutanna sé því riftanleg skv. 2. mgr. 131. gr. laga nr. 21/1991. Skilyrði 131. gr. laga nr. 21/1991 um að gjöfin hafi verið afhent á síðustu 6–24 mánuðum sé uppfyllt.

Þá telur stefnandi að sala hlutanna sé einnig riftanleg skv. 141. gr. laga nr. 21/1991. Telur stefnandi svo sem lýsing á fyrrgreindu skuldabréfi ber með sér að sala á áðurgreindum hlutum í Orf líftækni, hafi verið ótilhlýðileg. Þannig hafi félagi sem hafi verið stjórnað af Páli Þór Magnússyni, sem jafnframt stjórnaði stefnanda, verið seldir hlutir í Orf líftækni með kjörum sem teljast það góð að stefnda Kennel,

sem var eignalaust félag, hefði hvergi annarsstaðar staðið slík kjör til boða. Páll sem fyrirvarsmaður stefnanda hafi gjörþekkt fjárhagsstöðu stefnanda og vissi gjörla að með því að afsala hlutunum í Orf líftækni frá félaginu, væri hann að koma í veg fyrir að þeir yrðu kröfuhöfum til reiðu til fullnustu krafna sinna. Einnig byggir stefnandi á því að forveri þrotabúsins hafi verið og/eða orðið ógjaldfært á þeim tíma, er hin riftanlega ráðstöfun átti sér stað og/eða að félagið hafi orðið það við hina riftanlegu ráðstöfun.

Á þeim tíma þegar hin riftanlega ráðstöfun átti sér stað voru skuldir stefnanda skv. ársreikningi 2011, sbr. dskj. nr. 8, kr. 476.537.370 og næsta árs afborganir skulda kr. 76.864.663 og því vandséð hvernig það gat verið félaginu og kröfuhöfum þess til hagsbóta að selja hlutina í Orf líftækni út úr félaginu með skuldabréfi með eingreiðslu í lok árs 2016, sem var með vaxtakjörum sem hvergi voru í boði á almennum markaði og auk þess óheimilt að framselja, sbr. dskj. nr. 22.

Stefndi Kennel ehf. seldi hlutina í Orf líftækni til Torka ehf., en sú sala virðist hafa átt sér stað annað hvort um áramótin 2013/2014 eða 24. febrúar 2014, en þann dag óskar áðurnefndur Páll eftir því við Virðingu hf. að færa bréfin af vörslureikningi Kennel á vörslureikning Torka ehf., sbr. dskj. nr. 17. Sú ráðstöfun virðist hafa haft þann tilgang einan að gera þrotabúinu erfiðara að endurheimta hlutina í Orf líftækni, enda þá þegar ljóst að stefnandi hafði verið tekinn til gjaldþrotaskipta sé miðað við síðari dagsetninguna, en sé miðað við þá fyrri þá hafði verið óskað eftir gjaldþrotaskiptum. Stefnandi byggir á því að sú sala sé jafnframt riftanleg gagnvart Torka með vísan til 131., 141. og 146. gr. GPL, en svo sem fyrr segir var stefna á hendur Torka ehf. þingfest þann 25. júní 2014.

Stefnandi byggir á því að hvorki stefndi Kennel ehf. né Torka ehf. geti byggt á því að hafa verið í góðri trú. Ljóst er að Páll Þór Magnússon stýrði stefnda Kennel og stefnanda og því ljóst að stefndi Kennel telst nátengdur stefnanda í skilningi 3. gr. laga nr. 21/1991. Stefnandi telur jafnframt sýnt að Torka hafi verið með í ráðum alveg frá upphafi varðandi undanskot á hlutum þrotabúsins í Orf líftækni en til að mynda virðist fyrirvarsmaður Torka, Óttar Örn Helgason, kt. 170678-3629, hafa komið að vottun á fyrrgreindu skuldabréfi, því skuldabréfi sem haldið er fram að hafi verið greiðsla stefnda Kennel, til hins gjaldþrota félags, fyrir hlutina í Orf líftækni hf., sbr. dskj. nr. 22. Þannig telur stefnandi hafið yfir vafa að fyrirvarsmaður Torka ehf. hafi vitað eða mátt vita um þær aðstæður sem riftunarkrafa stefnanda byggir á.

Í framangreindu máli byggir krafa stefnanda á að fá eignirnar til baka frá Torka ehf., byggir á 144. gr. laga nr. 21/1991, sbr. 146. gr. s.l. Fyrir liggur að hlutirnir séu rafrænt skráðir og séu í vörslum Torka ehf. á safnreikningi hjá Virðingu hf. og því vandkvæðalaust að afhenda stefnanda þá aftur, sbr. dskj. nr. 25.

Um varnarþing vísast til 42. gr. laga nr. 91/1991. Um heimild til birtingar stefnu á hendur stefnda Kennel ehf. vísast til 89. gr. EML. en ástæða þess að stefna er birt í lögbirtingarblaði er sú að hefðbundin birting tókst ekki þar sem engin starfsemi var á starfstöð félagsins og fyrirvarsmaður félagsins með óþekkt heimilisfang í Bandaríkjunum. Kröfur um málskostnað eru studdar við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991.

Sönnunargögn, skýrslutökur fyrir dómi og áskilnaður:

Stefnandi leggur m.a. fram við þingfestingu málsins, innköllun, kröfulýsingaskrá, tölvupóstssamskipti, ljósrit skuldabréfs, útprentun úr hlutaskrá Orf líftækni, skýrslu endurskoðanda, ársreikninga, bréfaskipti og útprentun úr hlutafélagskrá o.fl., sbr. dskj. nr. 2.

Áskilinn er réttur til þess að nefna aðila til skýrslutöku síðar, svo og að leggja fram frekari gögn, bera fram frekari málsástæður og málavexti eftir því sem málatilbúnaður stefndu gefur tilefni til.

Fyrirkall: Fyrir því stefnist hér með ofangreindum aðilum til þess að mæta á dómþingi héraðsdóms Reykjaness sem haldið verður í dómsal nr. 1, Fjarðargötu 9, Hafnarfirði, miðvikudaginn 10. september 2014, kl. 9:00 árdegis, er mál þetta verður þingfest, til þess þar og þá, ef ekki verður sátt í málinu, að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð, á sókn sakar og dómkröfur að hlýða, til sakar að svara og leggja fram gögn af sinni hálfu. Ef ekki verður mætt af hálfu stefndu við þingfestingu málsins má búast við að útivistardómur gangi í málinu.

Stefnufrestur er 1 mánuður.

Reykjavík, 28. júlí 2014.

F.h. stefnanda,

Magnús Pálmi Skúlason hdl.

(2014013189

Lögbirtingablað,

68. tölublað 2014.

Útgefandi og ábyrgðarmaður, sýslumaðurinn í Vík,

Anna Birna Þráinsdóttir.